


Minnisblað

Efni: Samantekt vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi fyrir Sementsreit 2. áfanga

Akraneskaupstaður í samstarfi við Veitur, Ljósleiðarann og Mílu áformar að fara í framkvæmdir við gatnagerð og veitur í hluta af skipulagsáfanga Sementsreits. Um er að ræða gatnagerð og hluti veitukerfa í vesturhluta og hitaveitu og raflagnir í austurhluta af skipulagsreitnum.

Markmiðið er að gera íbúðarlóðir á reitnum hæfar til bygginga. Í gatnagerð verða gerðar um 400 m af götum ásamt tilheyrandi veitulögnum. Einnig verða lagðar hitaveitulagnir (blámerkt) og raflagnir á austurhluta (grænmerkt).



Mynd 1 – Skipulag Langasandsreits – afmörkun framkvæmdasvæðis 2.áfanga.

Efnispörf vegna framkvæmdar er áætluð þannig að uppgröftur vegna gatna er um 10.000 m³. Mest af því efni er skeljasandur sem verður endurnýtt til fyllinga á framkvæmdasvæðinu, en ónýtanlegur jarðvegur verður fluttur á jarðefnatipp Akraneskaupstaðar. Fyllingar í götur og lóðir eru um 20.000 m³, sem eru að litlum hluta teknar verða úr viðurkenndum efnisnámmum.

Verkframkvæmd hefst haustið 2025 og verður að fullu lokið fyrir árslok 2026.

Verkið fellur að gildandi skipulagsáætlunum og er ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b. Engin friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjasrá eru í grennd við framkvæmdasvæðið og á því eru ekki náttúrufyrirbrigði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Rask á menningarminjum er háð leyfi Minjastofnunar Íslands. Komi óþekktar minjar í ljós við framkvæmdina mun verkkaupi bregðast við samkvæmt 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Verktaki þarf að sækja um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur haft í för með sér mengun.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er sýnt á meðfylgjandi skipulagsteikningu og yfirlitsteikningu verkframkvæmdar.

Virðingarfyllst,

Lárus Ársælsson,

Umhverfisstjóri

Meðfylgjandi:

- Deiliskipulag Langasandsreits, breyttir skipulagsuppdráttir samþykktir dags. 14.júlí 2021.
- Verkteikningar framkvæmdar dags. maí 2025